



Ársfundir byggðasamlaganna

Ár 2021, föstudaginn 12. nóvember, voru haldnir ársfundir byggðasamlaganna í húsakynnum Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, Hamraborg 9, Kópavogi, með fjarfundarbúnaði og hófust þeir kl. 11:40.

1. Strætó bs.

Hjálmar Sveinsson stjórnarformaður Strætó bs., fór yfir starfsemi Strætó bs. á árinu 2021. Árið hefur verið erfitt vegna Covid og farþegum fækkað en talið að það sé bjart framundan með nýju leiðakerfi og nýju greiðslukerfi.

Jóhannes S. Rúnarsson framkvæmdastjóri Strætó bs. fór yfir ársskýrslu Strætó bs. og rekstrarafkomu fyrirtækisins en í máli hans kom fram að það væri tap á fyrstu 9 mánuðum ársins eins og búist hafði verið við. Bundnar voru vonir við styrk vegna Covid ástands frá ríkinu sem var mun lægri en reiknað var með. Kom fram að ekki hefði þurft að draga á yfirdrátt það sem af væri árs. Fór yfir rekstraráætlun næsta árs þar sem gert er ráð fyrir halla en því verður mætt með lántöku og hagræðingu. Jafnframt sagt frá heimsmarkmiðum sem Strætó hefur lagt áherslu á. Farið yfir jafnlaunavottun og starfsánægjukannanir innan Strætó en starfsánægja hefur verið á uppleið á síðustu árum. Fór yfir vagnafloða Strætó og hjá verktökum og markmið um kolefnishlutleysi árið 2030. Farið var yfir rauntímaupplýsingar á stoppistöðvum. Sagði frá rafrænu greiðslukerfi sem stefnt er á að taki gildi þann 16. nóvember nk. Fór yfir tímaáætlun vegna nýs leiðakerfis. Biðlaði jafnframt til sveitarstjórnarmanna að hafa samgöngur í huga þegar nýjar tillögur að deiliskipulagi eru gerðar með það í huga að hafa þau í takt við framtíðarhugsun í kerfinu sem miðar að einföldun og að ekki sé verið að auka kostnað. Fór yfir samanburðartölur yfir ekna kílómetra og fjölda innstiga fyrir árin 2018-2021 og áhrifa Covid á þær tölur. Fór yfir framtíðarsýn hjá Strætó bs.

Ármann Kr. Ólafsson bæjarstjóri Kópavogs, Dóra Björt Guðjónsdóttir borgarfulltrúi í Reykjavík, Guðmundur Ari Sigurjónsson bæjarfulltrúi á Seltjarnarnesi og Sveinn Óskar Sigurðsson bæfarfulltrúi í Mosfellsbæ tóku til máls undir þessum lið.



2. Sorpa bs.

Líf Magneudóttir stjórnarformaður Sorpu bs. kynnti skýrslu stjórnar og fór yfir verkefni Sorpu bs., og þau viðfangsefni sem sérstaklega snúa að stjórn Sorpu síðastliðin ár. Þar á meðal má nefna fjárhagslega endurskipulagningu, ráðningu nýs framkvæmdastjóra og nýs fjármálastjóra, og segja má að innleidd hafi verið gerbreytt úrgangsstjórnun. Ný lög um meðhöndlun úrgangs sem taka gildi árið 2023 hafa litið dagsins ljós. GAJA var tekin í gagnið og ýmsir hnökkrar komið upp vegna þess. Fór yfir ýmis samvinnuverkefni sem eru á döfinni. Finna þarf nýja staðsetningu fyrir Góða hirðinn. Verið að vinna nýja mælikvarða fyrir starfsemi Sorpu á magn sorps og hvernig það er unnið. Hún þakkaði þeirri stjórn sem nú situr fyrir gott samstarf og vel hafi tekist að komast að sameiginlegum ákvörðunum.

Jón Viggó Gunnarsson, framkvæmdastjóri Sorpu bs. fór yfir 9 mánaða uppgjör Sorpu bs. sem er samkvæmt áætlun, fór yfir fjárhagslega endurskipulagningu sem hefur gengið vel og ekki þurft að draga á yfirdrátt. Fór yfir það hvernig Sorpa er að einbeita sér að hringrásarhagkerfinu og hvernig hægt er að koma öllu í endurnýtingu. Þakkaði framsýni sveitarfélaga. Ljóst er að það þarf að fara í sérsöfnun á lífrænum úrgangi og það mun verða sett á í öllu hverfum höfuðborgarsvæðisins. Gefið var í við starfsemi Góða hirðisins en mikil tækifæri eru á endurnotkunarmarkaðinum, sett af stað netverslun og hefur gengið vel, þarf að stækka Góða hirðinn til að anna því magni sem berst inn. Covid hafði áhrif á fyrirtækið og ánægja starfsmanna dvínaði vegna aðskilnaðar í störfum. Hefur verið reynt að vinna í því að auka starfsánægju á ný og meðal annars haldin árshátíð á Akureyri síðustu helgi. Verið að gera Sorpu að framsæknu umhverfisfyrirtæki með mikla þekkingu á móttöku og flokkun. Stefnt er að útflutningi á brennanlegum úrgangi í lok árs 2022. GAJA flaggskip í átt að betri nýtingu auðlinda. Miðað við að loka urðunarstað á árinu 2023. Verið að vinna í því að finna nýjan urðunarstað í samvinnu við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu. Mikið af efni sem kemur í Álfsnesið alveg hæft til endurvinnslu. Þarf að flytja út núna, en ljóst að koma þarf upp brennslustöð hér á landi en forkönnun í gangi. Samræming og sérsöfnun á höfuðborgarsvæðinu mjög mikilvæg til að nýta auðlindir sem best. Sagði frá nýrri söfnunarstöð sem fyrirhuguð er á Lambhagavegi. Rekstur endurvinnslustöðva mjög mikilvægur fyrir endurnýtingu og er frekar hagkvæmur. Fór aðeins yfir afurðir hringrásarhagkerfisins eins og metan og lífdísel. Verið að huga að kolefnisjöfnun Sorpu árið 2025 og mikilvægi fræðslu til að lágmarka úrgang. Fór yfir framtíðarsýn og stefnuráð Sorpu.

Guðmundur Geirdal bæjarfulltrúi í Kópavogi, Sveinn Óskar Sigurðsson bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ, Theodóra Þorsteinsdóttir bæjarfulltrúi í Kópavogi og Alexandra Briem borgarfulltrúi í Reykjavík tóku til máls undir þessum lið.



3. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins

Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri fór yfir ársskýrslu Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og verkefni ársins. Hvað slökkviliðið varðar er verið að kortleggja búsetu í atvinnuhúsnæði, ráðnir inn 8 manns til að vinna í þessu. Fór svo yfir á Covid hliðina en ástandið hefur verið ansi erfitt og mikið reynt á almannavarnahliðina. Ný hæð í smittölum síðustu daga og Jón Viðar bar saman tölu á þessum tíma sem liðinn er frá því Covid kom til Íslands í febrúar 2020 og hvernig staðan var fyrir ári síðan miðað við núna. Áhyggjuefni hversu margir bólusettir eru að smitast núna og hversu mörg börn. Mikill skortur í bakvarðasveitina. Fór yfir það hvernig sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu hafa farið að í þessum faraldri og ræddi hversu vel hefur tekist að samræma aðgerðir og hversu samstillt þau hafa verið í öllu sem hefur þurft að gera. Neyðarstjórnir sveitarfélaga verið mjög virk og velferðarkerfi sveitarfélaganna. Sveitarfélög hafa þurft að innleiða og aðlagast ótrúlegum fjölda takmarkana og breytinga í öllu starfi sínu. Sett var af stað ný síða AHS þar sem hægt er að nálgast allar upplýsingar sem snúa að takmörkunum og tilkynningum. Reynir mikið á kerfið þegar það hefur verið á viðbúnaðarstigi svona lengi og fólk orðið þreytt. Brýndi fyrir sveitarfélögum að huga að andlegri líðan starfsmanna. Fór yfir sjúkraflutninga á þessu tímabili.

Enginn tók til máls undir þessum lið.

Fundi lauk kl. 13:28